

Nd.

648. Frumvarp til laga

[244. mál]

um breyting á lögum nr. 73 25. nóv. 1952, um tilkynningar aðsetursskipta.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Maður, sem kemur erlendis frá til búsetu eða dvalar hér á landi, skal tilkynna viðkomandi sveitarstjórn aðsetur sitt innan 7 daga frá komu til landsins. Undanþegnir þessari skyldu eru þeir, sem dveljast hér skemmri tíma en þrjá mánuði og halda lögheimili í öðru landi, meðan þeir eru hér, enda stundi þeir ekki atvinnu í landinu.

Hver sá, sem fer til útlanda og hættir að eiga lögheimili hér á landi, skal tilkynna það viðkomandi sveitarstjórn, áður en hann fer, og meðal annars upplýsa fullt aðsetur sitt erlendis. Þeir, sem hafa tilkynnt komu til landsins samkvæmt 1. málsg. þessarar greinar eða verið skyldir til að gera það, skulu tilkynna brottför sína frá því á sama hátt, nema hlutaðeigandi hyggi á endurkomu til landsins eftir dvöl um stundarsakir erlendis.

Heimilt er að ákveða, að fyrirmæli 1. málsg. þessarar greinar skuli ekki taka til námsmanna frá tilteknum löndum eða til erlendra sjómanna á íslenskum fiskiskipum, enda hafi hinir síðarnefndu ekki aðsetur í landi.

2. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða, að hver sá, sem flytur lögheimili sitt hingað til lands frá einhverju Norðurlandanna, skuli, um leið og hann fullnægir tilkynningarskyldu samkvæmt 1. málsg. 5. gr., afhenda viðkomandi sveitarstjórn vottorð um flutninginn í nánar tilteknu formi, sem gefið er út af skráningaryfirvaldi í því landi, sem frá er komið. Fjármálaráðherra er einnig heimilt að ákveða, að hver sá, sem flytur lögheimili sitt héðan til einhvers Norðurlandanna, skuli, um leið og hann fullnægir tilkynningarskyldu samkvæmt 2. málsg. 5. gr., fá afhent vottorð um flutninginn, sem gefið er út af þjóðskránni eða af sveitarstjórn í umboði hennar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt af allsherjarnefnd neðri deildar í samráði við fjármálaráðherra. Fylgdi því eftirfarandi greinargerð frá hagstofustjóra:

Á síðasta þingi Norðurlandaráðs var samþykkt að mæla með því við ríkisstjórnir landanna, að þau tækju upp samstarf á sviði almannaskráningar í samræmi við tillögur norrænnar sérfræðinganefndar, er skilaði álitum 1961 (sjá Nordisk udredningsserie 1961:4. Internordiske flytteattester). Var nefnd þessi sett á laggir 1955 samkvæmt ályktun Norðurlandaráðs nr. 5/1954, um samnorræn flutningsvottorð. Fulltrúi Íslands í nefndinni var hagstofustjóri. — Gera þarf smávægilegar breytingar á núgildandi lögum um tilkynningar aðsetursskipta til þess, að Ísland geti orðið aðili að þessu samstarfi Norðurlanda, og felast þær í frv. því, er hér liggur fyrir.

Í tillögu nefndarinnar er gert ráð fyrir, að Norðurlönd verði ein heild í skráningarlegu tilliti, þannig að maður, sem flytur lögheimili sitt úr einu Norðurlanda í annað, sé aldrei felldur af skrá í brottflutningslandinu, fyrr en hann hefur verið tekinn á skrá í innflutningslandinu, og enn fremur, að hann sé ávallt felldur af

skrá í brottflutningslandinu, ef hann er tekinn á skrá í innflutningslandinu, enda ræður síðar nefnda landið skráningu, þegar ágreiningur er um hana. Til þess að koma þessu kerfi á verða notuð svonefnd flutningsvottorð („flyttestester“). Hver, sem flytur lögheimili sitt milli tveggja Norðurlanda, fær flutningsvottorð frá skráningaryfirvaldi í brottflutningslandinu. Er hann kemur til innflutningslandsins, framvísar hann vottorðinu hjá viðkomandi skráningaryfirvaldi, er sendir afrit þess („flyttestevis“) til skráningaryfirvaldsins í brottflutningslandinu, og fellir það þá hlutaðeiganda af skrá hjá sér. Er hér um að ræða sama fyrirkomulag og notað er í öllum Norðurlöndunum nema Íslandi í sambandi við flutninga milli umdæma innanlands. Hér á landi eru ekki notuð flutningsvottorð, vegna þess að þeirra er ekki þörf í landi, þar sem er ein heildarskrá fyrir alla íbúa landsins.

Sérfræðinganefndin leggur til, að Norðurlönd geri með sér samning um skráningu flutninga milli þeirra, og er uppkast að slíkum samningi á bls. 47—49 í ofanefndu nefndarálit. Gert er ráð fyrir, að hið nýja skráningarkerfi komi til framkvæmda á komandi sumri eða hausti. Finnisk stjórnarvöld hafa samþykkt nefndarálit með fyrirvara, þar sem skilyrði eru erfið í Finnlandi til þess að taka þátt í þessu samstarfi, og verður sennilega einhver bið á því, að það land gerist aðili. Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð hafa hins vegar þegar verið gerðar ráðstafanir til, að þessi lönd verði aðilar frá byrjun.

Hið fyrirhugaða samstarf Norðurlanda á sviði almannaskráningar mun leiða af sér stórbætta framkvæmd tilkynningarákvæða að því er tekur til aðsetursskipta milli viðkomandi landa. Er þetta mikill ávinningur fyrir þjóðskrána, skattyfirvöld og aðra, sem hér eiga hlut að máli. Þess má geta, að hingað til hafa aðsetursskipti milli landa verið miklu verr tilkynnt en aðsetursskipti innanlands. Eftir að hin nýja tilhögun kæmist á, mundi þetta gerbreystast að því er snertir aðsetursskipti milli Íslands og Norðurlanda, en þau eru tiltölulega stór hluti flutninga milli landa.

Í 2. gr. frv., er yrði 6. gr. í lögum nr. 73/1952, um tilkynningar aðsetursskipta, eru þau ákvæði, sem lögfesta þarf til þess, að Ísland geti orðið aðili að þessu samstarfi Norðurlanda. Þarfnast þær ekki frekari skýringa. Ákvæði 1. og 2. málgr. 1. gr. frv. koma í stað ákvæðis 5. og 6. gr. í lögum um tilkynningar aðsetursskipta. Er þar kveðið skýrar á um nokkur atriði en er í núgildandi ákvæðum um sama efni, og auk þess er um að ræða smávægilegar efnisbreytingar, sem eru æskilegar samkvæmt fenginni reynslu. Hins vegar eru breytingar litlar eða engar frá því, sem gilt hefur í framkvæmd.

Ákvæði 3. málgr. 1. gr. um, að undanþiggja megi námsmenn tilkynningar-skyldu við komu til landsins, er sett í frv. vegna þess, að vera kann, að það verði talið heppilegt, að námsmenn verði aðeins skráðir í heimalandi sínu, en ekki þar sem þeir eru við nám í öðrum Norðurlöndum. — Ákvæðið um, að undanþiggja megi tilkynningarskyldu erlenda sjómenn á íslenskum fiskiskipum, er sett í frv. vegna þess, að ekki er hægt að framfylgja tilkynningarákvæðum gagnvart þeim, enda ástæðulítið að gera það, meðan hlutaðeigendur hafa ekki aðsetur í landi.

Þess skal að lokum getið, að frv. hefur verið borið undir ríkisskattstjóra, þar sem það snertir skattlagningu útlendinga. Hafði hann ekkert við frv. að athuga.